

## FUNDARGERÐ

345. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 10. desember 2024 kl. 14:00.

### Mætt eru í upphafi fundar:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB) í fjarfundi, Hildur Þórisdóttir (HP) í fjarfundi, Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Gestir á fundinum: Glúmur Björnsson, jarðfræðingur HEF (#1 og #5)  
Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnastjóri HEF (#1-3)  
Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri HEF (#4)

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

### Dagskrá:

1. Vatnsveita Hallormsstað
2. Fjarvarmaveita Seyðisfjarðar
3. Húsnæði HEF, Fellabrún 1
4. Fjárhagsstaða eftir 11 mánuði
5. Vatnsverndarsvæði og Aðalskipulag
6. Mál PBP gegn félaginu
7. Verkefni í gangi / áætlanir
  - a. Ný vatnsveita fyrir Djúpavog
  - b. Fráveita á Djúpavogi
  - c. Endurnýjanir gatna
  - d. Hreinsistöð Melshorni
  - e. Jarðhitaleit í Eiðarþinghá
8. Desemberfundur Samorku – samantekt
9. Önnur mál
  - a. Engin

#### **1. Vatnsveita Hallormsstað**

Málið var á dagskrá fundar 344, (1). Frá 23.11. hefur hreint vatn streymt um veituna og það staðfest með sýnatöku þann 27.11. Öllum lögnum inn í tank var skipt út, nýrri síu komið upp og nýtt geislatæki sett upp. Það var gangsett á framhjállaupi frá tanki og hann í kjölfarið tæmdur og þrífinn. Nú eru framkvæmdir á lokametrinum en tengja þarf nýtt yfirfall við tankinn, nýtt inntak og loka eldri götum á honum. Búast má við truflun á afhendingu vatnsins meðan á framkvæmdum stendur. Íbúum stendur til boða að skrá símanúmer sín á lista sem notaður hefur verið til að senda tilkynningar vegna framkvæmdanna. Vonast er til að framkvæmdum ljúki í vikunni, og vatnsveitan verði þá í góðu fari. Slá þurfti hluta af fyrirhuguðum umbótaframkvæmdum á frest vegna vetrarhörku en þær eru ráðgerðar samhliða næstu þrífum á tankinum.

#### **2. Fjarvarmaveita Seyðisfjarðar**

Staða fjarvarmaveitunnar á Seyðisfirði var yfirfarin á íbúafundi mánudaginn 25. nóvember s.l.

Eftir að RARIK bauðst samningur um forgangsorku til 4ja ára hafa aðstæður breyst og viðræður um framsal veitunnar hafnar á ný. Aðilar frá RARIK, HEF og Múlaþingi héldu fyrsta formlega framsalsfund 27. nóvember og stofnaður var starfshópur í kjölfarið með aðilum úr hverri stofnun/félagi. Stefnt er á að ljúka viðræðum fyrir áramót og að HEF taki við rekstri 1. janúar næst komandi. Samningurinn verður formaður og reksturinn í höndum HEF, en ljóst er að allnokkur verkefni standa eftir og að vinna við yfirfærsluna muni halda áfram fyrstu mánuði ársins.

Gagnaöflun á sér stað þar sem dreifibréfi með QR kóða hefur verið dreift í hús á Seyðisfirði og var jafnframt kynnt á áðurnefndum íbúafundi, en bréfið býður fólki að svara könnun um núverandi kyndingarkerfi heimilis. Þessar upplýsingar hjálpa við að greina umfang þess ef farið er í átak að tengja sem flest veitunni. Mikilvægt er að þeir sem ekki eru tengdir veitunni í dag svari könnuninni sem allra fyrst.

Ómar Bjarki skilaði minnisblaði um jarðhitaleit í Seyðisfirði, þar sem hann yfirfór síðustu skoðun þeirra gagna sem til eru og setti fram rökstuðning fyrir áframhaldandi rannsóknum.

### 3. Húsnæði HEF, Fellabrún 1

Undirbúningur fyrir endurbætur á skrifstofuhúsnæði HEF er í hönnunarfasa og reiknað með að framkvæmdir í bílskúr hefjist á næstu dögum.

### 4. Fjárhagsstaða eftir 11 mánuði

Skrifstofustjóri fór yfir fjárhagsstöðu félagsins 30. nóvember. Ekki verður annað séð en rekstur sé skv. áætlunum.

### 5. Vatnsverndarsvæði og Aðalskipulag

Jarðfræðingur HEF hefur unnið að skilgreiningu og afmörkun vatnsverndarsvæða í Múlaþingi sem mun rata í nýtt Aðalskipulag sveitarfélagsins. Markmiðið er að samræma skilgreiningar vatnsverndarsvæða í sveitarfélaginu og var notast við hæðarlíkön til þess að reikna vatnasvið í kringum vatnsból veitunnar og leggja grunn að nýjum vatnsverndarsvæðum. Þessi endurskilgreining inniheldur vatnsverndarsvæði fyrir nýtt vatnsból á Djúpavogi, fyrir framtíðarvatnsból á Seyðisfirði og skilgreiningu á vatnsvernd fyrir hitaveituvatn úr Urriðavatni, þeirrar fyrstu slíks eðlis á landinu. Þetta er hluti af því að tryggja áfram viðurkenningu heita vatnsins sem neysluvatn sem lengi hefur verið sóst eftir. Einnig stendur til að teikna vatnsverndarsvæði fyrir framtíðarvatnsból fyrir Eiða.

### 6. Mál PBP gegn félaginu

Fyrirtaka Landsréttar í áfrýjunarmáli Páls Breiðfjörð Pálssonar gegn félaginu er dagsett 10. janúar 2025. Lögmaður HEF mun flytja málið fyrir hönd félagsins. Stjórn felur framkvæmdastjóra að mæta til þinghaldsins.

### 7. Verkefni í gangi / áætlanir

#### a. Ný vatnsveita fyrir Djúpavog

Lokahús er komið á sinn stað og unnið er að frágangi lagna og jarðvegs í kringum það. Frágangur í kringum borholur hefst á næstu dögum, en einhver seinkun er á dælum. Vonast er til að náist að tengja fyrir áramót, ef veður og aðstæður leyfa.

#### b. Fráveita á Djúpavogi

1. áfangi í rekstri, einhver truflun í hreinsivirki eftir rafmagnstruflanir síðustu daga.

**c. Endurnýjanir gatna**

Hönnunarvinna er hafin, fráveitulagnir í 2 götum á Egilsstöðum og einni á Seyðisfirði hafa verið myndaðar og staðsettar nákvæmlega, sem er afar heppilegt með tilliti til gæða hönnunar við endurnýjun fráveitulagnanna.

Hönnunarvinnu miðar og útlit fyrir að hægt verði að auglýsa framkvæmdaútboð í febrúar 2025.

**d. Hreinsistöð Melshorni**

Byggingarnefnd hefur fundað nokkuð reglulega. Ráðgjafar hafa verið ráðnir til verkfræðiráðgjafar og vonast til að frumhönnun liggi fyrir fyrir áramót. Útboð í vetrarlok og framkvæmd hefjist á vordögum.

**e. Jarðhitaleit í Eiðapinghá**

Landeigendur eru með sammingsdrög til skoðunar. Framkvæmdastjóra falið boða til fundar með landeigendum.

**8. Desemberfundur Samorku – samantekt**

Framkvæmdastjóri auk tveggja starfsmanna HEF sóttu Desemberfund Samorku 2024, 4. desember í Reykjavík. Á fundinum var farið yfir helstu mál og verkefni Samorku á árinu. Náttúruhamfarir hafa verið fyrirferðarmiklar í starfsemi veitnanna á SV-horninu. Fram kom að veitur víðar á landinu hafa lagt sín lóð á vogarskálarnar til stuðnings HS-veitum og HS-orku.

Á fundinum voru tíunduð mikilvægustu verkefni samtakanna gagnvart stjórnvöldum, s.s. orkuskipti, fyrirsjáanleg aukning í kröfum til vatns- og fráveitna og þróun jarðhitaleitar. Þá voru kynnt áform samtakanna um ráðningu starfsmanns í Brussel til að ná tengslum við EES og ESB stofnanir. 350 gestir sóttu fagþing Samorku 2024 (raforkuþing). Þar voru haldnir 120 fyrirlestrar og 48 sýnendur kynntu vörur sínar og þjónustu.

**9. Önnur mál**

**a. Engin**

Fundi slitið kl. 17:00.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Þórhallsson.

*Undirritanir á næstu síðu.*

